# Skólaráð
# 2. fundur - 24. nóvember 2015

**Mætt**: Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Kristín Hallgrímsdótti ritari, Ingunn nemandi í 9.bekk, Kristjana nemandi í 9.bekk, Ylfa María nemandi í 10.bekk, Árni Hermannsson fulltrúi foreldra, Unnur Vébjörnsdóttir fulltrúi foreldra, Hafdís Bjarnadóttir kennari, Anna Lilja Sigurvinsdóttir kennari, Hrafnhildur Jónsdóttir matráður.
**Forföll**: Kristbjörg

Dagskrá fundar:
1. Heilsueflandi grunnskóli
2. Skólapúls
3. Önnur mál

## Heilsueflandi grunnskóli
- stutt kynning á hugmyndafræði Heilsueflandi grunnskóla.
- kostir og gallar hugmyndar ræddir.
- umræður um hvort áhugi er á að Oddeyrarskóli sæki um að verða heilsueflandi grunnskóli.
- í takt við fyrirætlanir bæjarins að verða heilsueflandi bæjarfélag.
- skólaráðmeðlimir jákvæðir í garð umsóknar.

## Skólapúls
- niðurstöður úr skólapúls yfirfarnar og ræddar
- könnun sem nemendur í 6.-10. bekk taka, helmingur að hausti, hinn helmingurinn að vori
- **Virkni nemenda**
  - ánægja af lestri hefur aukist sem er mjög ánægjulegt. Oddeyrarskóli mælist yfir landsmeðaltali. Stúlkur hafa meiri ánægju af lestri en bæði kyn eru yfir landsmeðaltali.
  - trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu hefur aukist
- **Líðan og heilsa**
  - sjálfsálit nemenda er undir landsmeðaltali sem og stjórn á eigin lífi. Stjórn á eigin lífi er þó á uppleið síðan í fyrra innan skólans. Opnar spurningar í þessum lið, endurspeglar ekki endilega skólalífið. Vellíðan mælist undir meðallagi á landsvísu.
- **Skóla- og bekkjarandi**
  - einelti - Oddeyrarskóli mætlist fyrir ofan landsmeðaltal sem er áhyggjuefni. Mörg börn sem upplifa einelti, stúlkur meira en drengir. Nemendur í 6., 9. og 10. bekk með marktækan mun á landsvísu. Skólinn í heild er yfir meðaltali (með meira einelti en meðaltalsskóli) en kemur þó betur út en í fyrra. Tölurnar eru ekki í takt við upplifun Kristínar skólastjóra og Þuríðar námsráðgjafa á viðtölum við nemendur á unglingastigi.
  - hreyfing - hefur minnkað frá því í fyrra og upplifun nemenda af hreyfingu ekki nógu góð. Drengir heyfa sig meira en stúlkur. Hollt matarræði kom vel út.

- ➢ samsömun við nemendahópinn - kom ekki nógu vel út. 16 nemendur segjast einmanna og 8 nemendur ekki hamingjusamir. Umhugunarefni hvernig vinna skuli sem best úr þessum niðurstöðum.
- ➢ agi í tímum kom ekki nógu vel út, neikvæði þróun milli ára.

**Næsti fundur:** þriðjudaginn 15.des. kl. 14:30